

Reykjavík, 23. nóvember 2011

Alþingi

Erindi nr. P 140/494

komudagur 29.11.2011

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn stjórnar Íbúasamtaka 3. hverfis um tillögu til þingsályktunar um höfuðborg Íslands, sbr. þingskjal 29 — 29. mál.

Stjórn Íbúasamtaka 3. hverfis fær ekki séð hvernig tillaga til þingsályktunar um höfuðborg Íslands þjónar hagsmunum Reykvíkinga umfram þann samráðsvettvang sem skilgreindur er með Samstarfssáttmála milli ríkis og sveitarfélaga og undirritaður var 2. apríl 2008. Í samstarfssáttmála þessum er með formlegum hætti kveðið á um samskipti þessara tveggja stjórnvalda með skýrum markmiðum sem fyllilega falla að þeim almennu markmiðum sem tilekin eru í tillögunni: að efla gagnkvæman skilning, auka formfestu og samskipti, stuðla að sameiginlegri sýn og stuðla að aðhaldi og ábyrgð í opinberum rekstri.

Íbúasamtökin hnjóta ennfremur um málsgrein tillögunnar sem lýtur að Reykjavíkurlugvelli og sem hljómar á þessa leið:

„Umræða og átök um Reykjavíkurlugvöll undanfarna áratugi hafa sýnt að nauðsynlegt er að treysta undirstöður Reykjavíkur sem höfuðborgar Íslands þannig að almenningur og forustumenn í borg og ríki geri sér glögga grein fyrir skyldum og réttindum sem fylgja höfuðborgarhlutverkinu, þar á meðal á samgöngusviði“.

Stjórnin telur, einmitt í ljósi mikillar umræðu og átaka um staðarval Reykjavíkurlugvallar, að almenningur og forustumenn ríkis og borgar geri sér nú þegar glögga grein fyrir skyldum og réttindum sem fylgja höfuðborgarsvæðinu og óttast að undirliggjandi tilgangur tillögunnar snúist ekki um það í raun, heidur sé um að ræða tilraun ríkisvaldsins að hlutast til um skipulagsmál Reykjavíkurborgar og rétt Reykjavíkurborgar að velja Reykjavíkurlugvelli stað til framtíðar. Slík íhlutun samræmist ekki að okkar mati 2. grein samstarfssáttmálans, þar sem lögð er áhersla á sjálfsákvörðunarrétt sveitarstjórna samkvæmt Evrópusáttmálanum.

Með vinsemd og virðingu,

f.h. Íbúasamtaka 3. hverfis
Steinunn Þórhallsdóttir
formaður

